



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Samtök sveitarfél höfuðborgarsv
b.t. Páll Guðjónsson
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Kópavogi, 21. júní 2016
1604099/517.13 AKG

Efni: Átak í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfis

Með vísan til erindis frá SSH, dags. 8. mars sl., um sameiginlegt átak Vegagerðarinnar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna viðhalds og endurnýjun gatnakerfis á höfuðborgarsvæðinu. Fyrrgreint erindi, þar sem óskað var eftir efnislegri afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna, var lagt fram á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 7. apríl sl. Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til sviðsstjóra umhverfissviðs til umsagnar.

Meðfylgjandi bréfi þessu umsögn Kópavogsbæjar, dags. 07.06.2016, sem lögð var fram á fundi bæjarráðs þann 16. júní sl.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.

Anna Kristín Guðmundsdóttir
verkefnastjóri stjórnáslusviðs



Til bæjarráðs.

Kópavogi, 7. júní 2016
1604099/517.13 GGG

Efni: Átak í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfis.

Á fundi bæjarráðs 7. apríl 2016 var lagt fram erindi frá SSH dags. 8. mars 2016, varðandi tillögu að sameiginlegu átaki í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfis á höfuðborgarsvæðinu ásamt tillögu að verklagi og framkvæmdaáætlun við Vegagerðina vegna verkefnisins. Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til sviðsstjóra umhverfissviðs til umsagnar.

Umsjón gatnakerfisins á höfuðborgarsvæðinu er annars vegar á hendi Vegerðarinnar og hins vegar bæjarfélaganna.

Undirritaður telur að samvinna bæjarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við Vegagerðina um viðhald á gatnakerfi í umsjá Vegerðarinnar, sé eins góð og vænta má. Greining á ástandi liggur fyrir í megin atriðum, svo og ástæður núverandi stöðu.

Tekið er undir það sjónarmið að verulegt átak þarf að gera í viðhaldi gatna á vegum Vegerðarinnar og einnig gatna í umsjá bæjarfélaganna.

Vegagerðin er í samstarfi með hinum Norðurlöndunum um vöktun á gæðum malbiks og er mikilvægt að ekki verði dregið úr rannsóknum á gæðum og endingu með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum.

Álit undirritaðs er að ekki þurfi sérstakt átak eða utanumhald til þess að henda reiður á umfang viðhalds á vegum Vegerðarinnar. Vandséð er hverju sameiginleg áætlun eigi að skila öðru en samantekt fyrirbyggjandi upplýsinga.

Greining á ástandi gatnakerfis Kópavogsbæjar, bæði þess hlutar sem er í umsjá Vegerðarinnar og í umsjá bæjarins, liggur fyrir í aðalatriðum.

Áætluð fjárförf til viðhalds gatnakerfis á vegum Kópavogsbæjar kemur fram í fjárhagsáætlun 2016 til 2019, ráðgert er að innan þriggja ára verði búið að vinna upp niðurskurð fyrri ára.

Niðurstaða undirritaðs er að takmarkaður árangur sé af því að vinna verkefnið, svo sem lýst er í bókun á fundi stjórnar SSH 7. mars 2016.

Virðingarfyllt,



Steingrímur Hauksson
sviðsstjóri umhverfissviðs